

**Samþykkt um umgengni og þrífnað utan húss í
Bessastaðahreppi, Garðabæ, Hafnarfirði og Kópavogi.**

1. gr.

Eiganda eða umráðamanni húss eða mannvirkis er skylt að halda eigninni vel við, hreinni og snyrtilegri svo og tilheyrandi lóð og girðingum.

2. gr.

Bannað er að skilja eftir, flytja, dreifa eða geyma lausamuni á þann hátt að valdið geti skaða, mengun eða lýti í umhverfinu. Þetta gildir jafnt um smærri sem stærri hluti svo sem kerrur, bílhuta, bíflök, skipsskrokka o.s.frv.

3. gr.

Óheimilt er að geyma hvers kyns drasl, bílhræ og þess háttar á lóðum þannig að það snúi að almannaferi.

4. gr.

Bifreiðar og önnur skráningarskyld ökutæki sem geymd eru á lóðum íbúðarhúsa skulu geymd á þar til gerðum stæðum sem samþykkt hafa verið af byggingayfirvöldum

5. gr.

Óheimilt er að geyma báta, kerrur, skráningarskyld ökutæki án skráningamerkja, tæki, vinnuvélar eða aðra hluti á bifreiðastæðum sveitarfélagsins, við götur eða á almannaferi. Heimilt er að fjarlægja slíka hluti á kostnað og ábyrgð eiganda að undangenginni viðvörun t. d. með álímingarmiða.

6. gr.

Telji heilbrigðisfulltrúi svo alvarlega hættu stafa af geymslu hlutar eða tækis á svæðum sbr. 5. gr. að aðgerð þoli enga bið er heimilt að fjarlægja slíka hluti eða tæki án viðvörunar.

7. gr.

Þeir, sem annast flutninga á almannaferi, skulu haga þeim þannig að ekki valdi óþrífnaði.

8. gr.

Eigi má haga hreinsun húsa, verslana eða búshluta þannig að leitt geti til óþrífnaðar umhverfis.

9. gr.

Um eftirlit samkvæmt samþykkt þessari fer samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum.

10. gr.

Með brot gegn samþykkt þessari og um valdsvið, þvingunarúrræði, málsmeðferð úrskurði og viðurlög skal farið samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum.

11. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Bessastaðahrepps, Garðabæjar, Hafnarfjarðar og Kópavogs, staðfestist hér með samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998, með síðari breytingum til að öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisráðuneytið 4. apríl 2000

F. h.r.

Ingimar Sigurðsson

Sigríður Stefánsdóttir